


## 10 Hrafnabjargavirkjun A

Virkjun við Hrafnabjörg með miðlun á fljótsdalnum sunnan við Hrafnabjörg í 404 m y.s. sem rúmar 325 Gl miðlun. Virkjun neðanjarðar í múlanum milli Mjóadalsár og fljótsins, og frárennsli til Mjóadalsár. Hluta af Suðurá, um 12 m<sup>3</sup>/s af 20 m<sup>3</sup>/s meðalrennsli við Ullarfoss er veitt til Hrafnabjargalóns. Hrafnabjargalón yrði myndað á grunni gamals lóns sem líklega hefur stíflast upp af hrauni, sem talið er að hafi runnið skömmu eftir að ísaldarjökullinn hropaði úr dalnum. Talið er að lónborð þess lóns hafi verið í um 400 m y.s. Frá lóni niður í Bárðardal fellur áin um Hrafnabjargagljúfur og í tveimur þekktum fossum, Hrafnabjargafossi og Aldeyjarfossi, og einum að auki, Ingvararfossi. Þetta svæði er skráð sem aðrar náttúruminjar.



Afl 89 MW<sub>e</sub>, orkugeta 622 GWh/ár.

FH III/FH IV: Gæði gagna C, FH III: Áhrif 24, FH IV: Kostnaðarflokkur 3.



## Umsögn faghóps I

FH I: Gæði gagna B/B. Skjálfandafljót Verðmæti/Meðaltal 9,0/8,0. Áhrifaeinkunn/Meðaltal 9,0/5,4.



Skjálfandafljót

Sérstakt mikilvægi

**Náttúruminjar:** Laufrönd og Neðribotnar, Ingvararfoss, Aldeyjarfoss, Hrafnabjargafoss, Goðafoss, Þingey, votlendi á Sandi og Sílalæk í Aðaldal, Gæsavötn við Gæsaþnjúk, Tungnafellsjökull og Nýidalur.

**Tegund á valista:** margar fuglategundir á valista, m.a. snæugla BH, mikið fálkavarp, fálki YH.

**Friðlýstar minjar:** Þingey, Skuldaþingey, Hrauntunga, Hofgarður og nafnlaust býli við Fiskiá.

Umsögn faghóps II

FH II: Gæði gagna C/C

<i>Ferðasvæði</i>	<i>Verðmætamat svæðis vegna ferðaþjónustu og útivistar án virkjunarframkvæmda</i>	<i>Röð</i>
Kiðagil	8,86	16

<i>Staðar-númer</i>	<i>Virkjunarhugmynd</i>	<i>Verðmæti svæðis fyrir virkjunarframkvæmdir</i>		<i>Heildareinkunn áhrifa á beit, veiðar, ferðaþjónustu og útivist</i>	<i>Röð</i>
		til beitar	vegna veiða		
10	Hrafnabjargavirkjun	1	1	5	24

Röðun FH I/FH II: 45.

Könnun verkefnisstjórnar: N0, B5, V7.

Rök fyrir röðun í nýtingarflokk:

Rök fyrir röðun í biðflokk:

Rök fyrir röðun í verndarflokk: Óraskað vatnasvið

*Flokkun í þingsályktunartillögu: Biðflokkur*

*Rökstuðningur: Gæði gagna ekki fullnægjandi. Vantar frekari upplýsingar. Vísað til könnunar verkefnisstjórnar (fylgiskjal 3).*